

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – mars 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2006 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu eykst handbært fé frá rekstri um 23,8 ma.kr. innan ársins, sem er 15,4 ma.kr. hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman 19,9 ma.kr. hagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust 20,3 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan að gjöldin hækka um 4,1 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnoður er jákvæður um 21,3 ma.kr. sem er 5,8 ma.kr. betra en á sama tíma í fyrra.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar–mars 2006 (Í milljónum króna)

	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
Innheimtar tekjur	55.454	68.337	64.635	79.449	99.704
Greidd gjöld	55.945	61.957	65.039	70.255	74.371
Tekjufjöfnoður	-491	6.380	-404	9.194	25.334
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-31	-10.720	-	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-1.427	-3.595	838	108	-1.593
Handbært fé frá rekstri	-1.949	-7.935	435	9.301	23.741
Fjármunahreyfingar	2.015	14.340	3.177	6.210	-2.455
Hreinn lánsfjárfjöfnoður	65	6.405	3.611	15.511	21.286
Afborganir lána	-10.753	-4.953	-13.950	-11.404	-9.070
Innanlands	-612	-4.913	-57	-2.220	-9.064
Erlendis	-10.141	-40	-13.893	-9.184	-6
Greiðslur til LSR og LH	-2.250	-1.875	-1.875	-850	-990
Lánsfjárfjöfnoður, brúttó	-12.938	-423	-12.214	3.257	11.226
Lántökur	15.634	5.081	34.626	1.094	1.532
Innanlands	5.516	12.040	14.240	-3.831	1.532
Erlendis	10.118	-6.960	20.387	4.925	-
Greiðsluafkoma ríkissjóðs	2.696	4.657	5.064	4.351	12.758

Heildartekjur ríkissjóðs námu ríflega 99,7 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi þessa árs sem er 20,3 ma.kr meiri innheimta en á sama tíma í fyrra, eða 25,5% aukning. Ef hins vegar tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur hækkunin 21,4%. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld 91,3 ma.kr. sem er 21,6% hækkun frá síðasta ári. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 4,3% þannig að skatttekjur og tryggingagjöld hækkuðu að raungildi um 16,5%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 41 ma.kr. og hækkuðu um 11,7 ma.kr. frá síðasta ári, eða 40%. Munar þar mest um aukna innheimtu fjármagnstekjuskatts en á fyrstu þremur mánuðum þessa árs nam hún ríflega 13,9 ma.kr. sem er 45,4% aukning frá sama tíma árið á undan. Jafnframt skýrist 4,3 ma.kr. hækkun tekjuskatts lögaðila að mestu af áður nefndri tilfærslu milli mánaða. Innheimt tryggingagjöld jukust einnig frá fyrra ári, eða um 16,1% en hér ber að nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 8,5% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta nam 3 ma.kr. sem er lækkun um 16,3% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 2,2 ma.kr. en innheimta þeirra hefur dregist saman frá fyrra ári um 8,9% sem er meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendrar eftirspurnar en samanlagt hafa almennir veltuskattar hækkað um 20,5% frá fyrra ári. Þannig hafa tekjur af virðisaukaskatti aukist um 25,1% sem jafngildir 19,9% raunhækkun. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að vörugjöld af ökutækjum skiluðu tæpum þriðjungi meiri tekjum en á sama tíma í fyrra sem er umtalsverð aukning en þess má geta að á fyrstu þremur mánuðum þessa árs fjölgaði nýskráðum bifreiðum um 37,4%.

Greidd gjöld nema 74,4 ma.kr. og hækka um 4,1 ma.kr. frá fyrra ári, eða 5,9%. Í málaflokknum almannatryggingar og velferðarmál varð 1,3 ma.kr. aukning gjalda milli ára. Næstmest er aukningin í heilbrigðismálum, eða rúmir 1,2 ma.kr. og tæpir 1,2 ma.kr. í menntamálum. Samtals veða þessir þrjú málaflokkar tæplega ⅓ af heildargjöldum ríkissjóðs. Útgjöld til löggæslu hækka um 0,5 ma.kr., eins og gjöld til menningarmála. Á móti hækkuðum vegur 1,2 ma.kr. lækkun vaxtagjalda ríkissjóðs. Í janúar í fyrra var stór flokkur spariskirteina forinnleystur sem skýrir að mestu lækkun milli ára.

Lántökur ársins nema aðeins 1,5 ma.kr. þrátt fyrir 9 ma.kr. afborganir innlendra skammtímalána.

Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóði var aukið um 1 ma.kr. á árinu og sama fjárhæð var greidd til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 12,8 ma.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins 2006.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars 2006

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
Skatttekjur og tryggingagjöld	61.193	75.135	94.593	13,1	22,8	25,9
Skattar á tekjur og hagnað	23.770	29.299	41.004	16,0	23,3	40,0
Tekjuskattur einstaklinga	15.506	17.572	19.592	10,3	13,3	11,5
Tekjuskattur lögaðila	2.021	2.142	7.475	-	-	-
Skattur á fjármagnstekjur	6.243	9.585	13.937	8,9	53,5	45,4
Eignarskattar	2.392	3.621	3.032	21,2	51,4	-16,3
Skattar á vöru og þjónustu	27.963	33.760	40.683	10,3	20,7	20,5
Virðisaukaskattur	17.895	21.990	27.511	11,8	22,9	25,1
Vörugjöld af ökutækjum	1.141	2.027	2.677	32,8	77,7	32,1
Vörugjöld af bensíni	1.975	2.041	2.279	14,3	3,3	11,7
Skattar á olíu	1.929	2.172	1.630	18,3	12,6	-24,9
Áfengisgjald og tóbaksgjald	2.188	2.368	2.491	-2,6	8,2	5,2
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	2.835	3.162	4.095	-1,3	11,5	29,5
Tollar og aðflutningsgjöld	634	673	854	4,5	6,2	26,9
Aðrir skattar	111	161	174	815,4	45,6	8,2
Tryggingagjöld	6.324	7.621	8.845	11,0	20,5	16,1
Fjárframlög	99	153	220	-10,9	54,2	43,9
Aðrar rekstrartekjur	3.341	4.092	4.877	0,8	22,5	19,2
Sala eigna	2	70	14	-	-	-
Tekjur alls	64.635	79.449	99.704	-5,4	22,9	25,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars 2006

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
Almenn opinber þjónusta	10.527	11.794	11.559	12,0	-2,0
Þar af vaxtagreiðslur	2.687	3.698	2.520	37,6	-31,9
Heilbrigðismál	17.146	19.392	20.620	13,1	6,3
Almannatryggingar og velferðarmál	15.084	15.590	16.937	3,4	8,6
Efnahags- og atvinnumál	8.535	8.977	8.586	5,2	-4,4
Menntamál	7.446	8.304	9.461	11,5	13,9
Menningar-, íþrótt- og trúmál	3.271	3.263	3.734	-0,2	14,5
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	2.141	2.178	2.680	1,8	23,0
Umhverfisvernd	842	658	688	-21,8	4,6
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	48	100	106	108,7	5,9
Gjöld alls	65.039	70.255	74.371	8,0	5,9